Nesfréttir

ÁGÚST 2018 • 8. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is 30. ára

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

Ungmenni af Nesinu í Eistlandi

Ungmennaráð Seltjarnarnes sendi á dögunum 15 ungmenni á aldrinum 16 til 21 árs í vikulöng ungmennaskipti til Viimsi í Eistlandi. Verkefnið sem styrkt var af Evrópu unga fólksins var skipulagt af ungmennaráðum Seltjarnarness og Viimsi. Viimsi er að mörgu leiti líkt Seltjarnarnesbæ þar sem Viimsi er með bæjarmörkin sín afmörkuð af sjó og Tallinn höfuðborg Eistlands.

Markmið verkefnisins var að efla ungmennaráðin tvö og þá einstaklinga sem starfa í ungmennaráðunum. Í verkefninu kynntu ungmennaráðin sveitarfélög sín og starfsemi sína, tóku þátt í örnámskeiðum um ræðumennsku, verkefnastjórn og hvernig hægt er að hafa áhrif. Ráðin heimsóttu einnig Eistneska þingið og hittu stjórnmálamenn og önnur ungmennaráð frá Eistlandi. Verkefnið var einstaklega vel heppnað og snéru ungmennin aftur heim uppfull af fróðleik, hugmyndum af nýjum verkefnum og leiðum til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið sitt.

Sjá fleiri myndir frá ferðinni á bls. 7.

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA ÍSLANDSBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka er endurgjaldslaust til ársloka

Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298**
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson
BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson
NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Ferðamenn á Seltjarnarnesi

Ferðamenn sækja í auknu mæli á Seltjarnarnes. Slíkt þarf ekki að undra. Nesið hefur margt að bjóða sem fólk frá þéttbýlum annarra landa sækist eftir.

Nefna má einstaka náttúru ysta hluta þess. Stórt óbyggt svæði er á milli ystu byggðar og sjávar. Gróttu með sínum sérkennum. Ströndina á norðanverðu Nesinu. Valhúsahæð og fleira mætti telja.

Ýmis tákn um mannvist í tímans rás yngri sem eldri má einnig finna. Fyrst má nefna Nesstofu og urtagarðinn, þar sem sögu skipulagðra lækninga er að finna aftur til 18. aldar. Stríðsminjar eru á Valhúsahæð og fleira mætti telja auk fræðasetursins í Gróttu.

Ung kona og varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi fjallar um þessi mál í grein hér í blaðinu. Þar leggur hún til ýmislegt er horfa mætti til úrbóta.

Hún segir að huga þurfi að áningarstöðum og grænu umhverfi og einnig manngerðu. Koma þurfi upp miðlun upplýsinga um menningu og minjar auk þess að huga að uppbyggingu atvinnutækifæra er tengjast þjónustu.

Hún leggur til að loka veginum til vesturs út að Gróttu við Snoppu og gera Ráðagerði sem komið er í eigu Seltjarnarnesbæjar að hliði Vestursvæðanna og upplýsingamiðstöð. Þá leggur hún til stóraukna umhverfisvörslu.

Nú er húsbílum lagt næturlangt á Snoppu og út við Gróttu. Fólk fer um allt og gengur jafnvel örna sinna á víðavangi og baðar sig í listaverki í fjörunni.

Athygli vekur að ekki virðist vilji til þess að nýta það sem Nesið hefur að bjóða. Ekkert skipulag er að finna af hálfu bæjarins í þessu máli.

Seltjarnarnesbær getur nýtt sér þann áhuga sem ferðamenn hafa á Nesinu. Til þess þarf bæði frumkvæði og skipulag af hálfu bæjaryfirvalda. Bæjaryfirvöld eru hvött til þess að leggja eyrum við góðum hugmyndum.

Börnin kunna greinileg að meta nýju leiktækin á Vallarbrautarróló.

Vallabrautarróló endurbættur

Vallabrautarróló hefur verið endurbættur. Það var gert í framhaldi af óskum í íbúakosninguinni "Nesið okkar" sem fram fór á vegum Seltjarnarnesbæjar.

Eins og sjá má á myndunum hefur nýjum leiktækjum verið komið fyrir á vellinum ungum til ánægju.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson | Margrét Á. Guðjónsd. | Kristín Ingólfsdóttir | Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Velkomin á fjölskyldudag í Gróttu

Laugardaginn 1. september kl. 14.30 – 16.30

Gróttuviti opinn

Einu sinni á ári opnar Seltjarnarnesbær dyrnar upp í vita og hægt er að njóta hins óviðjafnanlega útsýnis þaðan.

Fjölbreytt dagskrá m.a.:

Flugdrekasmiðja · Útijóga og fjölskyldu ratleikur · Vöfflukaffi

Friðrik Karlsson bæjarlistamaður Seltjarnarness 2018 ásamt **Unni Birnu Björnsdóttur** söngkonu og fiðluleikara spila og syngja fyrir gesti í Fræðasetrinu.

Þorkell Heiðarsson líffræðingur aðstoðar gesti við að **rannsaka** og greina lífríkið sem finna má í fjörunni við Gróttu.

Margrét Arnardóttir þenur nikkuna undir berum himni.

Hugvekja og **harmonikkuleikur** í Albertsbúð kl. 14.30.

Klifurmeistarar úr **Klifurhúsinu** klífa niður vitann kl. 14.30 og bregða á leik.

Félagar úr **Björgunarsveitinni Ársæli** verða á staðnum og munu sjá um að ferja þá gesti sem þurfa yfir eiðið.

Opið er út í Gróttu frá kl. 14-18

Sýningin TORF – Earth Homing: Reinventing Turf Houses

VITAVARÐARHÚS / FRÆÐASETUR / ALBERTSBÚÐ / RÁÐAGERÐI

Sýningin TORF sem sett hefur verið upp í Gróttu í tilefni af 100 ára fullveldi Íslands og vill endurhanna torfhýsi með sköpunarkrafti, samanburði og tilraunastarfsemi sem „arkitektúr“ nánustu framtíðar. Sýningarstjóri er **Annabelle von Girsewald** en 17 listamönnum var úthlutað mismunandi sýningarhugtökum: **Anna Júlía Friðbjörnsdóttir** (eldhús), **Ásdís Sif Gunnarsdóttir / Daniel Leeb** (veður), **Borghildur Indriðadóttir** (tónlist), **Claudia Hausfeld** (rústir), **Elín Hansdóttir** (mælingar), **Gunnhildur Hauksdóttir** (rödd), **Hekla Dögg Jónsdóttir** (stó), **Hrönn Gunnarsdóttir** (gluggar), **Kolbeinn Hugi** (jarðvegur), **Ólafur Sveinn Gíslason** (baðstofa), **Ólöf Nordal** (sál), **Ragna Róbertsdóttir** (torf), **Sean Patrick O'Brien** (þak), **Sólveig Aðalsteinsdóttir** (rúmstæði), **Steingrímur Eyfjörð** (samtímasaga) og **Unnar Örn** (handverk).

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Skúli bætir sjávarvarnargarðinn sjálfur

Hrólfsskálavör 2.

Seltjarnarnesbær hefur veitt Skúla Mogensen forstjóra flugfélagsins WOW leyfi til þess að bæta sjávarvarnargarð fyrir framan hús hans við Hrólfsskálavör 2 á Seltjarnarnesi. Ekki er um nýframkvæmd að ræða heldur að styrkja varnargarðinn en farið er að grafa undan honum.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness gerði ekki athugasemdir við styrkingu varnargarðsins á fundi 12. apríl sl. og lagði byggingafulltrúi í framhaldi þess áherslu á að eftirlit með verkinu yrði á vegum strandverkfræðings Vegagerðarinnar og sviðsstjóra umhverfissviðs Seltjarnarnessbæjar. Skúli Mogensen eigandi hússins við Hrólfsskálavör 2 mun sjálfur standa straum af kostnaði við verkið.

Skúli Mogensen.

Á myndinni má sjá þá Bjarna Kristinn Bjarnason og Einar Guðmundsson starfsmenn þjónustumiðstöðvar í sumar.

Vinnuskólinn gekk vel þrátt fyrir rigningartíð

Vinnuskólinn á Seltjarnarnesi hefur lokið störfum á þessu sumri og sumarstarfsfólkið er að hverfa til annarra verkefna.

Tæpast hefur farið framhjá fólki að sumarið hefur verið vætusamt og erfitt á köflum. Þrátt fyrir rigningartíðina gengu verkin vel hjá sumarstarfsfólki Seltjarnarnesbæjar sem hefur sinnt hinum ýmsu verkefnum hjá Þjónustumiðstöð. Má þar nefna garðyrkjustörf og viðhaldsverkefni, í vinnuskóla, á leikjanámskeiðum og fleiri störfum. Krakkarnir gegnu til starfa með bros á vör og er þeim óskað velfarnaðar og þakkað fyrir vel unnin störf í sumar.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED SIDE PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bílgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.

Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.

Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.

Dekkjaþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.

Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.

Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.

Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is

GB TJÓNAVIÐGERÐIR

Nýir tunnumiðar á sorptunnurnar

Þessa dagana eru starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar að líma nýja tunnumiða frá Sorpu á allar sorptunnur bæjarins (Orkutunnur og Blátunnur), en miðarnir sýna nákvæmlega hvernig hægt er að flokka í tunnurnar og hvað má ekki fara í þær.

Í Orkutunnurnar fer allur almennur heimilisúrgangur, plast í lokuðum plastpokum og málmar í lausu. Í Blátunnurnar fer allur pappír og pappi.

Sýningin Torf sett upp í Albertsbúð

Sýningin TORF - Earth Homing: Reinventing Turf Houses verður sett upp í Vitavarðarhúsinu Albertsbúð í Gróttu 9. september nk. Sýningin er haldin í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Sýningarstjóri er Annabelle von Girsewald en fjöldi íslenskra og erlendra listamanna taka þátt í sýningunni. Opnunartímar eru föstudaga til sunnudaga frá kl. 12 til 18 í Ráðagerði, en í Gróttu eftir flóði og fjöru sömu daga. Seltirningar eru hvattir til að gera sér ferð og skoða. Nánari upplýsingar um sýninguna eru á heimasíðunni: http://www.annabelleshome.com/current/

Margvísleg þjónusta á Eiðistorgi

Eiðistorg er verslana- og þjónustumiðstöð Seltjarnarness. Verslana- og þjónustumiðstöðin er að stærstum hluta yfirbyggð. Um tveir tugir verslana og þjónustufyrirtækja eru staðsett á Eiðistorginu. Verslanir veitingastaðir, ferðaþjónustufyrrtæki og fleira er þar að finna. Þá er þar stórt frumkvöðlasetur á þriðju hæð Innoivation house þar sem tugir fólks hafa aðstöðu og vinna að margvíslegum verkefnum.

Menningarsetur Seltirninga er á Eiðistorginu. Þar er Bókasafn Seltjarnarness þar sem settir eru upp ýmiskonar list- og menningarviðburðir auk útlána á bókum. Góð kaffistofa er í húsakynnum safnsins, þar sem hægt er að setjast niður með kaffibolla, lesa blöð og tímarit, glugga í bækur eða bara að spjalla saman. Gallerí Grótta er starfrækt í tenglum við safnið og þar eru stöðugar listsýningar. Á neðri hæð undir safninu er svo verslun Hagkaups, fjölbreytt verslun með daglegar vörur og langan opnunartíma. Á efstu hæðinni fyrir ofan bókasafnið hefur Golfklúbbur Ness aðstöðu sem nýtt er fyrir starfsemi einkum að vetrinum þegar erfitt eða ómögulegt að að spila golf utan dyra. Á neðstu hæð er svo Ballettskóli Guðbjargar Björgvins og veitingastaðurinn Rauða ljónið.

Ýmislegt gert á Eiðistorgi

Þegar inn á sjálft torgið kemur er að finna fjölda þjónustuaðila. Þar má m.a. nefna ferðaskrifstofuna Mundo, vínbúð og Handverk og hönnun. Pósthús er enn á torginu en fyrir liggur að starfsemi þess verði flutt í Bændahöllina við Hagatorg. Til vinstri frá aðalinngangi á Eiðistorgi er sjónvarpsstöðin Hringbraut með starfsemi sína og þar er einnig apótek. Á efri hæðinni er að finna nokkur fyrirtæki. Þar er ferðaþjónustan Að fjallabaki, Snyrtistofan Laila, Skjámynd vefhönnun, Erling Ó. Aðalsteinsson ljósmyndari, Innrömmum Guðmundar, Önn Verkfræðistofa, Perma Hárgreiðslustofa og Borgarblöð. Í útbyggingu er síðan Kaffihúsið og ísbúðin Arna. Af þessu má sjá að ýmislegt er gert á Eiðistorginu og margt í boði.

Í miðju Eiðistorgsins er skemmtilegt rými sem notað er fyrir ýmsa viðburði og eflaust mætti nýta þetta ágæta pláss betur. Þar er upplagt fyrir skóla, félagsstarf barna og ungmenna, listafólk og fleiri að vera með uppákomur á og torginu svo miðsvæðis sem það er á Seltjarnarnesi. Stórt bílastæði er við verslana- og þjónustumiðstöðina. Stundum hafa komið fram hugmyndir um að byggja á hluta þess en þær hafa ekki orðið að veruleika. Eiðistorg stendur að norðanverðu á Eiðinu í alfara leið þeirra sem eiga leið um Seltjarnarness og er fyrir löngu orðin miðbæjarkjarni bæjarfélagsins.

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

JL HÚSIÐ, HRINGBRAUT 121
MIÐBERG, BREIÐHOLTI
KORPÚLFSSTAÐIR

SKRÁNING HAFIN Á MIR.IS

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Skrifstofuaðstaða

Til leigu 17 m² skrifstofuherbergi
í mjög góðu skrifstofuhúsnæði á Nesinu.
Aðgangur að sameiginlegri aðstöðu
s.s. fundarherbergi, kaffistofu, prentrými,
geymslurými og salernum.

Upplýsingar í síma 893-0394.

TENNIS
er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Ungmenni af Nesinu í Eistlandi

ÓDÝRAR SKÓLAVÖRUR
fyrir öll skólastig

bókakaffi stúdenta

bóksala stúdenta
Alvöru bókabúð og miklu meira
Háskólatorgi - www.boksala.is

Fermingarstarfið í Seltjarnarneskirkju

- hefst laugardaginn 25. ágúst

Fermingarstarf meðal þeirra unglinga sem ætla að fermast í Seltjarnarneskirkju vorið 2019 hefst laugardaginn 25. ágúst kl. 11 og stendur yfir til klukkan 14.

Eru þetta fyrstu kennslustundir komandi vetrar. Unglingarnir fá pizzu og drykk í hádeginu. Kennslan fer fram í þremur kennslustundum ásamt verkefnavinnu. Þeir unglingar sem hafa ekki enn skráð sig geta komið og verið með og skráð sig í leiðinni. Fermingardagar vorsins 2019 eru: Pálmasunnudagur 14. apríl kl. 13.00 og sumardagurinn fyrsti 26. apríl kl. 11.00.

Sigurbjörn Einarsson biskups minnst

- verður minnst í Seltjarnarneskirkju 26. ágúst

Feðgarnir séra Sigurbjörn Einarsson biskup og séra Karl Sigurbjörnsson biskup.

Um þessar mundir eru 10 ár liðin frá láti sr. Sigurbjarnar Einarssonar, biskups. Í tilefni af þessum tímamótum verður messa sunnudagsins 26. ágúst tileinkuð minningu hans.

Sr. Karl Sigurbjörnsson biskup mun prédika og sr. Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur þjóna fyrir altari. Allir sálmar messunnar verða eftir sr. Sigurbjörn og bækur hans verða jafnframt til sýnis. Friðrik Vignir Stefánsson er organisti og félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja. Boðið verður upp á veitingar að lokinni athöfn í safnaðarheimili kirkjunnar.

Systrasamlagið

Lífrænt haust!

LÍFRÆNN SAMFESTINGUR

Nýtt jógafatamerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað.

HAFRAGRAUTUR DELUXE

Hafragrauturinn okkar er engu líkur. Lúxusútgáfan er í uppáhaldi margra sem njóta hans daglega. Lífrænn, spíraður og glútenlaus, eins og hafragrautur á að vera. Prófaðu villtan aðalbláberjalatte með.

VÍTAMÍN & dásamlegir drykkir

Frá Viridian koma vönduðustu bætiefni samtímans án allra aukaefna og nastís. En líka magnaðir drykkir til heimabrúks. Fylltu þig af D-vítamíni fyrir veturinn.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Hugleiðsla alla miðvikudagsmorgna kl. 9.15 með Thelmu Björk.
Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

DAGSKRÁ Í ÁGÚST/SEPTEMBER 2018

23. ágúst kl. 17.00

SÝNINGAROPNUN

í Gallerí Gróttu

Elsa Nielsen opnar málverkasýningu sína **DÍLAR**. Allir velkomnir. Sýningu lýkur 23. september.

GALLERÍ GRÓTTA

4. september kl. 19.30

BÓKMENNTAKVÖLD

Lilja Sigurðardóttir rithöfundur les upp úr og fjallar um bók sína **Búrið**, en hún hlaut Blóðdropann fyrir bestu íslensku glæpasöguna 2018. Búrið er lokaþátturinn í þríleik Lilju um eiturlyfjasmygl, efnahagsglæpi og eldheita ást í Reykjavík samtímans.

5. september – Kötlugosið

SÖGUNNAR MINNST

Bókasafn Seltjarnarness gerir sér far um að minnast atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með sýningu og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni.
Nú er það Kötlugosið.

100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918 - 2018

7. september kl. 16.00

UPPSKERUHÁTÍÐ SUMARLESTURS

verður haldin á Bókasafnsdaginn sem að þessu sinni er tileinkaður vísindum „Lestur er bestur fyrir vísindin“. Á hátíðinni verða afhent verðlaun og viðurkenningar fyrir þátttöku og árangur í sumarlestrinum.

Dagskrá:

1. Tómas Gauti leiklistarnemi spjallar við börnin um lestur, Bókasafnsdaginn og vísindi
2. Verðlaun og viðurkenningar
3. Lesið og leikið með Tómasi Gauta
4. Frískandi frostpinnar

22. september kl. 11-12

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á **sigridurgu@nesid.is**

27. september kl. 17.00

SÝNINGAROPNUN

í Gallerí Gróttu

Erla Sylvía Haraldsdóttir opnar sýningu sína **Mynstur fjölskyldunnar**. Sýningu lýkur 28. október.

Opnunartími: Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17
Lau. 11-14

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness

Viðtal við Valdimar Guðmundsson tónlistarmann og söngvara

Ánægjulegt hvað okkur hefur verið tekið vel

Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður og söngvari flutti á Seltjarnarnes fyrir um þremur árum. Það væri ekki í frásögur færandi nema vegna þess að Valdimar er fæddur og upp-alinn Keflvíkingur. Hann er þó ekki fyrsti tónlistarmaðurinn úr Keflavík sem velur Nesið til búsetu því Jóhann Helgason hefur búið á Seltjarnarnesi um árabil. Valdimar settist niður með Nesfréttum yfir bolla af Americano á Kaffi Örnu á dögunum.

Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður og söngvari.

Af hverju Seltjarnarnes. "Von að þú spyrjir innfæddan og uppalinn Keflvíkinginn. Það kom til af því að ég var farinn að vinna mikið í Reykjavík og var alltaf að keyra á milli. Ég var orðinn dálítið þreyttur á því og fór þess vegna að horfa eftir hentugri íbúð fyrir mig á höfuðborgarsvæðinu. Ég var ekkert sérstaklega að skoða Seltjarnarnes eða að íhuga að flytja þangað fremur en á aðra staði. Ég var bara að leita að húsnæði þegar ég datt niður á íbúð á Nesinu sem hentaði mér og var á viðráðanlegu leiguverði."

Nei – það var ekki kvenmaður sem dróg mig á Nesið

Það var ekki kvenmaður sem dróg þig á Nesið. "Nei alls ekki. Ég var einn og var búinn að vera hér um talsverðan tíma þegar ég eignaðist vinkonu. Ég stunda þannig vinnu það er að segja tónlistina að vinnutíminn er ójafn og óreglulegur og fellur ekki alltaf að hefðbundnu heimilishaldi. Það hentar okkur því vel að hún starfar sem flugfreyja þótt það sé í raun tímabundið vegna þess að hún á eftir eitt ár í hjúkrunarnámi. Hvað svo tekur við er ekkert ákveðið. Ef til vill fer hún aftur í flugið að náminu loknu. Það hafa margar hjúkrunarkonur farið í það starf að undanförnu. Mér finnst það þó skjóta skökku við að eftir fimm ára háskólanám þurfi fólk að finna sér annað starf en menntun þess stendur til vegna þess að launakjör eru með þeim hætti. En hvað sem því líður þá kann ég Keflvíkingurinn ágætlega við mig á Seltjarnarnesi."

Við Ásgeir byrjuðum og svo komu fleiri í hópinn

Valdimar er stofnandi hljómsveitar sem ber nafn hans og var upphaflega dúett hans og Ásgeirs Aðalsteinssonar gítarleikara en þeir eru báðir frá Keflavík. Fljótlega bættust fleiri í hópinn. Guðlaugur Guðmundsson bassaleikari, Þorvaldur Halldórsson sem leikur á trommur og slagverk, Kristinn Evertsson hljómborðsleikari og Högni Þorsteinsson gítrleikari tóku smám saman þátt í að gera það að sex manna hljómsveit og síðar bættist Svarfdælingrinn Örn Eldjárn gítarleikari við. Valdimar er tónlistarmennaður. Lærði á básúnu frá unga aldri, fyrst í heimabænum en síðan í Tónlistarskóla FÍF og er með BA gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur eingöngu starfað að tónlist undanfarin fimm til sex ár.

Getum hlaupið hver í annars skarð – nema ég

Var snemma stefnt á að vera með svo fjölmennt band. "Nei ekki í byrjun en þetta vatt upp á sig. Við erum fjórir úr Keflavík. einn úr Garðinum og Kristinn er úr Reykjavík. Við erum því fimm af Suðurnesjunum. Fyrsti kveikurinn í bandinu var til hjá okkur Ásgeiri þegar við vorum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þorvaldur trommari bættist síðan í hópinn. Högni og Guðlaugur voru í fyrstu hugsaðir til vara. Þeir hafa búið erlendis um tíma. Guðlaugur er að koma heim frá námi en Högni á leið út. Við höfum aldrei náð að spila saman allir sjö en höfum oft náð því að vera sex á tónleikum. Við byggðum þetta svona upp vegna þess að við vissum af því að sumir okkar voru í námi erlendis eða stefndu á nám. Við vorum fimm til að byrja með en erum sjö í dag. Þetta er byggt þannig upp að einn getur hlaupið í annars skarð nema helst ég sem söngvari hljómsveitarinnar. En ég hlakka til að sá dagur komi að við getum allir staðið á sviði saman."

Leggjum áherslu á nánd en förum stundum í meiri hraða

En að tónlistinni. Hvernig band er Valdimar. "Við Ásgeir byrjuðum að vinna saman árið 2009. Við að fleiri bættust í hópinn varð tónlistin fjölbreyttari. Við leituðum fyrir okkur og ef til má segja að tónlist okkar sé svona sjálfstæð popptónlist þar sem ekki er notast við neinar beinar fyrirmyndir. Við byggjum á mjúkri tónlist þar sem við leggjum meðal annars áherslu á nánd en förum stundum í meiri hraða. Þetta er líka blanda af rafmögnuðum hljóðfærum og náttúrulegum. Sjálfur spila ég á básúnu eins og ég hef alltaf gert en þó ekki eins mikið eftir að ég fór að syngja með sveitinni. Við höfum gefið út þrjár plötur. Fyrsta platan og frumraun okkar var Undraland árið 2010. Næsta plata kom út í október 2012 og sú þriðja sem ber heitið Batnar útsýnið tveimur árum síðar." Valdimar segir að vinnsla

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tölvuland.is

þeirrar plötu hafi tekið lengri tíma en hinar fyrri því tónlistin hafi tekið breytingum allt fram á síðasta dag.

Ánægjulegt hvað okkur hefur verið tekið vel

"Við vorum að þróa þetta til síðustu stundar og finna út hvernig heildarmyndin myndi njóta sín. Textarnir á plötunnar fjalla einkum um hinn mannlega anda og þurftu því talsverðrar umhugsunar við." En nafnið á plötunni. "Já, það er líka pæling á bak við það. Ef er þoka innra með manni þá sér maður hlutina í réttu samhengi þegar henni léttir og útsýnið batnar. Þetta hefur þróast hjá okkur og það er ef til vill erfitt að skilgreina tónlistina eða tengja hana við einhverja stefnu. Við vorum ekki alveg með á hreinu til hverra hún myndi höfða en það er ánægjulegt hversu vel hún hefur náð til áheyrenda.Við spilum alla vega talsvert öðruvísi tónlist en þá sem kennd er við keflvísku rokksveifluna."

"Mar" endingin er keflvísk

En hvað með Valdimarsnafnið. Var strax ákveðið að láta hana heita eftir þér. "Nei, það var ekki ákveðið í byrjun. Við vorum að huga að nafni og þá kom upp að hljómsveitarnöfn úr Keflavík enduðu sum á endingunni "mar". Til dæmis Hljómar og Hjálmar sem að miklu leyti er upprunnin af Suðurnesjunum. Einhver stakk upp að við gætum alveg látið hljómsveitina heita Sigmar ef við vildum halda í "mar" endinguna. Einhvern veginn sló það ekki í gegn en þegar Valdimar var nefnt varð ekki aftur snúið. Hún heitir bara í höfuðið á mér."

Söng fyrir ömmu – lagið var tekið á disk

Hvenær fór Valdimar að syngja. Uppgötvaðist það bara þegar þeir félagarnir stofnuðu hljómsveitina. Valdimar segist alltaf hafa haft

Meðlimir Valdimar eru: Valdimar Guðmundsson sem spilar á básúnu og syngur, Ásgeir Aðalsteinsson spilar á gítar. Guðlaugur Guðmundsson spilar á bassa, Þorvaldur Halldórsson spilar á trommur og slagverk. Kristinn Evertsson spilar á hljómborð og Högni Þorsteinsson spilar á gítar. Örn Kristjansson er ekki með á myndinni enda hittast "Valdimararnir" ekki oft allir saman í einu.

gaman af því að syngja frá því að hann var krakki og minnist þess að hafa sungið lag fyrir ömmu sína þegar hann var í áttunda bekk. "Ég sat við eldhúsborðið heima hjá henni og var að læra. Ég söng oft með lögunum sem voru spiluð í útvarpinu. Ég söng lag með Brian Adams fyrir ömmu. Systir mín vildi endilega að ég syngi það inn á upptöku. Það endaði með að við fundum undirleik og ég fór í upptöku hjá Kidda í Hjálmi. Við gerðum geisladisk og dreifðum honum innan fjölskyldunnar. Hann fór eitthvað víðar og ég man hvað ég var feiminn þegar stelpurnar í bekknum mínum heyðu mig synga og ég man líka að pabbi var stoltur af þessu. Þetta fór svo að vinda upp á sig. Ég tók tvisvar þátt í Hljóðnemanum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og endaði í þriðja sæti í síðara skiptið en þá söng ég lag frá Radiohed. Upp úr þessu varð hljómsveitin Valdimar til."

Hlutum Súluna

Valdimar hlaut Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar, fyrir árið 2013. Verðlaunin eru veitt þeim sem hafa unnið vel að menningu og listum og voru í það skiptið veitt í sautjánda sinn. Valdimar hefur einnig aðeins brugðið sér á leiksvið auk tónlistarinnar og fór með hlutverk Eddie í söngleiknum Rocky Horror í Borgarleikhúsinu á liðnum vetri þar sem Páll Óskar Hjálmtýsson var í aðalhlutverki og Jón Ólafsson annaðist tónlistarstjórn sýningarinnar.

Afi er alltaf Hjalteyringur – ætli ég verði ekki alltaf Keflvíkingur

Þótt Valdimar sé innfæddur Keflvíkingur á hann einnig ættir norður í land. Valdimar Axelsson afi hans í móðurætt og sá sem Valdimarsnafnið er komið frá er frá Hjalteyri við Eyjafjörð. Hefur Valdimar yngri aldrei verið á Hjalteyri. "Jú - ég hef verið þar. Afi Valdimar heldur mikið upp á þennan stað. Á hluta af húsi þar. Húsi þar sem hann ólst upp og er mikið þar á sumrin. Karen langamma mín bjó þar, fæddi sín börn og ól þau upp. Hún bjó hjá afa og ömmu í Keflavík síðustu árin en fór oft norður. Þótt afi hafi gifst til Keflavíkur og búið þar lengsta hluta æfi sinnar telur hann sig Hjalteyring. Ætli verði ekki eins með mig. Þótt ég sé fluttur á Seltjarnarnes og kunni vel við mig þar verð ég trúlega alltaf Keflvíkingur – alla vega innra með mér."

ÖKUM VARLEGA!
Skólarnir eru að byrja!
Reykjavíkur Apótek
N1
Nesfréttir
VÍS

FERSKUR FISKUR DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN
FISKBÚÐIN VEGAMÓT
Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30

Myndlistaskólinn í Reykjavík enn í JL húsinu

Myndlistaskólinn í Reykjavík er að hefja sitt 72. starfsár um þessar mundir en síðustu tvo áratugi hefur skólinn verið til húsa í JL húsinu, Hringbraut 121. Þar er hann enn þrátt fyrir þrálátan orðróm um að hann sé á förum úr Vesturbænum. Aðspurð segir skólastjórinn, Áslaug Thorlacius, að vissulega sé fótur fyrir þeim orðrómi en hugmyndir um að flytja skólann í Skeifuna hafi verið til skoðunar um nokkurt skeið.

Þótt Vesturbærinn sé dásamlegur sé hann alls ekki miðsvæðis en það sé hins vegar vel hægt að segja um Skeifuna. Enn hefur þó ekki verið gengið frá samningum um sölu og flutninga og því er skólinn enn á sínum gamla stað. Vegna staðsetningarinnar vestast í Vesturbænum hefur skólinn um nokkurra ára skeið rekið tvö útibú í austurbæ Reykjavíkur, annað í Félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti

Mynd er eftir Elínu Elísabetu Einarsdóttur fyrrverandi nemanda á teiknibraut skólans.

og hitt á Korpúlfsstöðum. ,,Einkum og sér í lagi eru það börnin sem finna fyrir staðsetningunni. Strætósamgöngur eru ekkert sérlega góðar við vesturendann á Hringbrautinni og það eru ekki allir foreldrar svo vel settir að þeir geti ekið börnunum sínum endanna milli í borginni til að koma þeim á námskeið til okkar." Í Miðbergi hefur eingöngu verið boðið upp á námskeið fyrir börn og unglinga en á Korpúlfsstöðum hafa einnig verið haldin námskeið fyrir fullorðna. Til viðbótar við barnanámskeiðin er í haust boðið upp á þrjú námskeið fyrir fullorðna nemendur á Korpúlfsstöðum, í málun, keramiki og teikningu.

,,Starfið á Hringbrautinni er mjög blómlegt. Við erum búin að setja skólann þetta haustið og hér er fullt út úr dyrum alla virka daga. Alls eru rúmlega 120 manns í fullu námi í dagskóla og nú stendur yfir skráning á námskeiðin og þau eru öll að fyllast", segir Áslaug. Hægt er að skoða námskeiðaframboðið á vefsíðu skólans mir.is.

Góð aðsókn á sumarnámskeiðin

Seltjarnarnesbær stóð fyrir sumarnámskeiðum líkt og fyrri ár. Þau samanstóðu af leikja- og ævintýranámskeiðum fyrir 6 til 9 ára, Survivor námskeiðum fyrir 10 til 12 ára og smíðavelli fyrir 8 ára og eldri. Námskeiðin gengu með eindæmum vel og voru börn jafnt sem starfsfólk afar ánægð með sumarið.

Dagskráin var fjölbreytt og þemaskipt yfir sumarið en í sumar var meðal annars unnið með risaeðlu- og geimþema, farið var í bátsferð með Björgunarsveitinni Ársæl og í fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Einnig voru haldnir fjölmargir viðburðir eins og just dance böll, slím-, leir- og föndurgerð og svona mætti lengi telja. Aðsókn á námskeiðin var með besta móti og þökkum við þátttakendum, starfsfólki og foreldrum fyrir samstarfið í sumar.

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi

arna

PÓSTURINN

Leila boutique
Eiðistorgi • Sími 551 2323

VÍNBÚÐIN

3ernir
Eiðistorgi, 2 hæð.
--- kvikmyndagerð --- klippivinnsla ---
--- 2d/3d grafík ---

Ljósmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0624
erling.is

MUNDO
www.mundo.is

Skjámynd
skjamynd.is - fjarskipthandbokin.is

Seltjarnarnes komið að þolmörkum, eða hvað?

Stöðugur straumur ferðamanna út í Gróttu yfir varptíma! Krían ræðst á dróna yfir Bakkatjörn til að verja varp sitt! Rusl fýkur upp úr yfirfullum tunnum við Snoppu! Næturhrafnar hreiðra um sig í fuglaskoðunarhúsi! Tjaldi slegið upp í Plútóbrekku! Húsbílar hafa næturdvöl í Gróttu! Gestir þrífa sig í Kviku! ….. Ráðamenn klóra sér í hausnum og spyrja af hverju svo er komið?

Svarið er einfalt: af því að svona höfum við búið um hlutina með skorti á framtíðarsýn, og stefnuleysi í uppbyggingu og stýringu! Í dag beinum við gestum beint út í Gróttu með staðsetningu bílastæðis við Snoppu en sama stæði skapar húsbílum einnig algert næði yfir nótt. Skiltahrúga um lokun Gróttu yfir varptíma heldur ekki aftur af gestum sem ganga rakleiðis út í eyju við fjöru, enda eru engar aðrar upplýsingar um svæðið né skýringar af hverju krafist er ákveðinnar umgengni og virðingar. Drónaflug er ekki takmarkað þrátt fyrir að reglugerð um loftför heimili slíkt á friðlýstum svæðum. Ekkert "hlið" er að svæðinu eða miðstöð, engin umsjón! Enginn ber ábyrgð!

Aðeins handfylli sótti sýninguna

Stýring í átt að annarri upplifun og þjónustu er heldur ekki til staðar. Af þeim þúsundum gesta sem sóttu Gróttu þetta sumarið sótti aðeins handfylli sýninguna Nesið kvatt í Nesstofu þar sem listaverkin kölluðust á við einstakt umhverfi þessa sögufræga steinhúss. Ástæðan: Nesstofa er í hvarfi frá Gróttu þar sem athafnasvæði bæjarins og grjóthrúga vestan þess sker svæðið. Upplýsingar um sýninguna voru ekki aðgengilegar erlendum gestum og gönguleiðir frá Gróttu að Nestofu ekki skipulagðar. Læknaminjasafnið og Ráðagerði, þar voru ljósin slökkt! Hvergi er hægt að sinna grunnþörfum svo sem leita skjóls, fara á klósett eða fá sér að borða.

Viljum sjá aðgerðir

Sjálfbærni í ferðaþjónustu snýr að þekkingu á þeim takmörkum sem náttúran setur okkur. Samfylkingin mun á kjörtímabilinu leggja áherslu á markvissa stýringu enda er hún lykill að farsælli og sjálfbærri uppbyggingu og verndun viðkvæmra og friðlýstra svæða á Nesinu. Við viljum sjá aðgerðir er snúa að uppbyggingu innviða, þjónustu, afþreyingar með skilgreindum markmiðum og víðtæku samráði við alla hagaðila. Aðgerðir sem einkennast af gæðum, gestrisni og einstakri upplifun og standast væntingar ferðamannsins á sama tíma og þær þjóna íbúum, umhverfi og uppbyggingu atvinnurekstrar í bænum. Við höfum þegar lagt inn fyrirspurn um hvenær haldið verður áfram með vinnu við ferðamálastefnu sem lagður var grunnur að árið 2015 með skipan starfshóps.

Finna þarf athafnasvæði bæjarins annan stað

Til að bæta upplifun og tryggja áframhaldandi umhverfisgæði á Vestursvæðum Nessins þarf að huga að tengingum, áningarstöðum, grænu umhverfi, manngerðu umhverfi, upplýsingamiðlun, menningu, minjum og uppbyggingu atvinnutækifæra tengdum þjónustu. Loka þarf veginum að Snoppu, flytja bílastæði að Ráðagerði og beina ferðamönnum enn frekar í almenningssamgöngur. Gera þarf Ráðagerði að hliði Vestursvæðanna og fá því hlutverk miðstöðvar þar sem gestir eru upplýstir um svæðið og umgengni í lifandi nýmiðlunarumhverfi. Leggja þarf áherslu á gangandi og hjólandi umferð með markvissri uppbyggingu stígakerfis sem tengir saman þjónustu og einstaka áningarstaði í náttúrunni. Finna þarf athafnasvæði bæjarins annan stað og endurheimta náttúrusvæði sem nú eru undir grjóti. Bæta þarf reglum um drónaflug við lögreglusamþykkt bæjarins. Viðurkenna á Nesstofu sem lifandi menningarminjar og fá Læknaminjasafninu skýrt hlutverk enda hefur húsið þegar sannað sig sem fjölnota rými fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi og þjónustu. Landvörð þarf að ráða yfir háönn.

Karen María Jónsdóttir.

Vestursvæðin á forgangslista

Landsáætlun, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða og Ferðamálastofa taka ákvarðanir um fjárveitingu af hálfu ríkisins til uppbyggingar áfangastaða. Samfylkingin leggur áherslu á að vegna sérstöðu sinna verði Vestursvæðin sett á forgangslista yfir áfangastaði á höfuðborgarsvæðinu sem byggja þarf upp. Til viðbótar að tekið verði mið, í allri undirbúnings-, skipulags- og hönnunarvinnu, af stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist og umhverfishönnun Menningarstefnu í mannvirkjagerð sem samþykkt var árið 2007 sem og leiðbeiningariti Ferðamálastofu, Framkvæmdasýslu ríkisins og Hönnunarmiðstöðvar Íslands Góðir staðir um uppbyggingu ferðamannastaða frá árinu 2013.

Karen María Jónsdóttir er varabæjarfulltrúi og skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar. Hún situr í umhverfisnefnd og til vara í skipulagsnefnd og stjórn Veitu.

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
1717

- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Um 70 börn í sumarskólanum

Frá starfi sumarskólans í sumar

Hátt í 70 börn sóttu sumarskólann í ár. Sumarskólinn er starfræktur fyrir elstu börn leikskólans sem hefja grunnskólagöngu í haust og stendur yfir allan daginn í þrjár vikur, frá lok júlí til og með 20. ágúst. Sumarskólinn er starfræktur í Skjólinu sem er húsnæði frístundastarfs við Mýrarhúsaskóla.

Áhersla er lögð á að börnin kynnist húsnæði skólans, mötuneyti, skrifstofum og bókasafni. Einnig kynnast þau nánasta umhverfi skólans í leikjum og vettvangsferðum. Í sumarskólanum er einnig boðið upp á sundnámskeið í samstarfi við sundlaug Seltjarnarness. Starfsmenn sumarskólans eru heilsárs starfsmenn Skjólsins sem skipa uppeldis menntuðu fólki, ásamt sumarstarfsmönnum hjá bænum.

Viltu syngja í kór?

Komdu í Seltjarnarneskirkju laugardaginn 1. september!

Selkórinn á Seltjarnarnesi fagnar 50 ára starfsafmæli sínu í ár. Kórinn var stofnaður árið 1968 af konum í kvenfélaginu Seltjörn, en hefur frá árinu 1976 starfað sem blandaður kór. Núverandi kórfélagar koma víða að og er þátttaka ekki bundinn við búsetu á Seltjarnarnesi.

Kórinn hélt fyrri afmælistónleika sína þann 6. maí síðast liðinn í Seltjarnarneskirkju og voru þá fluttar ýmsar dægurperlur sem sérstaklega hafa verið útsettar fyrir kórinn. Meðal annarra laga voru flutt nokkur þekkt lög Jóhanns Helgasonar, en hann var bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2007. Nú eru að hefjast æfingar fyrir síðari afmælistónleikana sem haldnir verða í Seltjarnarneskirkju í lok nóvember. Þá ætlar kórinn að sýna á sér aðra hlið og flytja m.a. Pákumessu Haydins með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Svo vel vill til að stjórnandi Selkórsins, Oliver Kentish, er einnig stjórnandi hljómsveitarinnar, sem æfir og heldur að jafnaði tónleika sína í Seltjarnarneskirkju. Í tilefni af Bæjarhátíð Seltjarnarness sem haldin verður hátíðleg laugardaginn 1. september n.k. , ætlar kórinn að vera með óformlega opna æfingu þann dag, í Seltjarnarneskirkju kl. 16:00. Áhugasamir söngunnendur eru velkomnir til að koma og spreyta sig og kynnast kórfélögum. Fyrsta æfing haustsins verður síðan í Tónlistarskóla Seltjarnarness miðvikudaginn 5. september kl. 19:30 og eru þeir sem áhuga hafa á að syngja með kórnum einnig velkomnir þá ef það hentar betur. Við tökum vel á móti nýjum kórfélögum í allar raddir!

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúm skjól í görðum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðamörk eða slúti þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.

Nesfréttir **Sími: 511 1188**

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Það hefur ýmislegt verið brallað í félagsstarfi eldri bæjarbúa í sumar og hefur dagskráin verið þétt. Fastir dagskrárliðir hafa verið á sínum stað og aðsókn verið virkilega góð þrátt fyrir að einhverjir hafi flúið land í leit að betra veðri. Ánægja hefur verið með leikfimina og hefur hún verið vel sótt. Einnig hefur félagsvistin og bingóið haldið sínum sessi. Kaffispjallið í króknum nýtur einnig sívaxandi vinsælda en þar eru heimsmálin rædd og leyst.

Yfir 30 manns tóku þátt í sumarferðinni sem farin var miðvikudaginn 11. júlí um Reykjanesið og sá Jóhann G. Jónsson fyrrum ferðamálafulltrúi Reykjanesbæjar um leiðsögn í ferðinni. Veðrið lék ekki við hópinn þennan dag en stemningin í hópnum var góð og almenn ánægja var með ferðina.

Hið árlega Harmonikkuball var haldið 18. júlí og gekk með glæsibrag. Meðal skemmtiatriða var gamall "skapandi-sumarstarfs" hópur sem tók lagið við góðar undirtektir. Ballið var að þessu sinni haldið inni í bátaskýlinu vegna veðurs en þrátt fyrir það var ekki langt í dansinn og hláturinn.

Í tilefni af sýningu nýju Mamma Mia myndarinnar skellti félagsstarfið sér í bíó. Tveimur dögum fyrir bíóferðina var hitað upp með því að horfa saman á fyrri myndina á Skólabraut. Hópurinn var almennt mjög hrifinn og heyrðist Abba söngraul um ganga Skólabrautar í viku eftir bíóferðina.

Félagsstarfið hefur verið í stífum æfingum í pútti á Eiðistorgi og úti á golfvelli í heilt ár. Ákveðið var að reyna enn meira á hæfileikana og fara saman í Minigolf í Skemmtigarðinn í Grafarvogi. Hópurinn sýndi frábæra takta en Guðbjörg Hannesdóttir bar sigur úr bítum í púttkeppninni í þetta skiptið.

Þessa dagana er verið að bera út dagskrárblað félags og tómstundastarfsins fyrir september – desember til allra Seltirninga 65 ára og eldri. Flestir fastir dagskrárliðir halda sínum stað og tímum. Einnig verða margir aðrir viðburðir og óvissuferðir í boði.

VÖFFLUKAFFI.
HIÐ ÁRLEGA VÖFFLUKAFFI FÉLAGS OG TÓMSTUNDASTARFS ELDRI BÆJARBÚA VERÐUR Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS FIMMTUDAGINN 30. ÁGÚST KL. 14.30.
FARIÐ VERÐUR YFIR DAGSKRÁRLIÐI FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARFSINS FYRIR NÆSTU MÁNUÐI.
SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ.
Allir hjartanlega velkomnir.

Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni

1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

2 Staflið þeim saman svo þær taki minna pláss

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur

4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp

Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjustu fréttir af verkefninu má finna á facebook.com/plastsofnun

SORPA

„Við erum ekki bara opin, heldur líka með faðminn opinn“

„Það sem heillaði mig strax við að hefja störf í Bóksölu stúdenta var hvað hún og allt umhverfið er lifandi og skemmtilegt.“ segir Óttarr Proppé, sem er nýtekinn við stöðu verslunarstjóra Bóksölu stúdenta. Hér á Óttarr við Háskólatorg sem er hjarta háskólasvæðisins þar sem nemendur, kennarar, starfsfólk og aðrir koma saman, hittast yfir kaffi, mat, skemmtun – og bókum og blöðum. Aðgengið úr öllum áttum er gott. Nefnir Óttarr sem dæmi aðkomuna úr Vesturbænum. Nú þarf ekki að fara yfir mikla umferðargötu því það er innangengt á Háskólatorg í gegnum göng undir Suðurgötu úr Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, við hlið Háskólabíós.

Óttarr er ekki ókunnugur í bókabransanum en hann starfaði í honum lengi á árum áður. „Mér finnst spennandi að hrærast í suðupotti þar sem alltaf er eitthvað nýtt að gerast og mikil fjölbreytni í gangi.“ segir hann. „Þetta er að sumu leyti eins og lítið samfélag eða hverfi og þannig á það að vera. Það er fyrst og fremst hlutverk Bóksölunnar að þjónusta stúdenta Háskóla Íslands en við erum líka verslun annarra námsmanna á öllum skólastigum og allra þeirra sem yndi hafa af bókabúðum.“

Öllu jafna er að finna um 12 til 15 þúsund titla í versluninni, bæði almennar- og fræðibækur og vefurinn geymir svo enn fleiri.” Sérpöntunarþjónusta á bókum er vinsæl en Óttarr segir að auðvelt sé að finna hvaða fáanlegu bók sem er, hvaðan sem er. „Besta stund bóksalans er þegar maður nær að ráðleggja bók sem lesandi hefur ekki heyrt um en kemur svo á daginn að er hárrétta bókin fyrir viðkomandi.“ segir Óttarr.



Óttarr Proppé, sem er nýtekinn við stöðu verslunarstjóra Bóksölu stúdenta.

Bókakaffi stefnumótastaður fyrir fólk úr hverfinu

Bóksala stúdenta býr einnig yfir góðu úrvali ritfanga fyrir heimili og skóla, gjafavörum og leikföngum. „Í fyrra seldum við tæplega 50.000 bækur og 4.700 penna, en við seldum líka yfir 380 öngla og 4.400 pör af eyrnatöppum– svo úrvalið og nytsemin nær yfir fleira en bækur.“ segir Óttarr. Bókakaffi stúdenta er kaffihús staðsett í Bóksölunni sem nýtur sívaxandi vinsælda. „Hingað mætir ekki bara fólk af háskólasvæðinu, heldur er Bókakaffið stefnumótastaður fyrir fólk úr hverfinu. Hér er afslappaðra andrúmsloft en í miðbænum og meiri rólegheit til að spjalla, vinna, funda eða kíkja í bækur.“

Vörur á stúdentaverði – álagning í lágmarki

Lágt verð Bóksölunnar er hennar aðalsmerki og lögð er áhersla á að vera með allar vörur á „Stúdentaverði“. En hvað er það? „Það þýðir að við höldum álagningu í lágmarki. Bóksalan er rekin með sama hætti og stúdentagarðarnir, Háma, leikskólar stúdenta og Stúdentakjallarinn, af Félagsstofnun stúdenta sem er óhagnaðardrifin og markmiðið alltaf að vera á núlli. Við reynum að bjóða alla vöru og þjónustu á verði sem stúdentar hafa efni á og aðrir njóta góðs af í leiðinni. Við erum því mjög samkeppnisfær í verðlagi.“

Viljum að flestir upplifi skemmtilega stemningu

Stemningin í Bóksölunni við skólabyrjun er alltaf gleðileg. Óttarr segir að skólabyrjun sé í eðli sínu skemmtilegt tímabil og marki nýtt upphaf á vissan hátt. „Við upplifum eftirvæntinguna og gleðina í loftinu þegar gamlir vinir hittast aftur eftir sumarfrí og nýir nemar koma inn frekar óóruggir að skoða sig um.“ segir Óttarr brosandi. Hann segir að „skólabókaflóð“ og „jólabókaflóð“ sé ekki akkorðsvinna, heldur meira eins og karnival. „Við hrífumst öll sjálfkrafa með stemningunni.“ segir hann. Til að auka á gleðina við skólabyrjun ætlar Bóksalan að setja tóninn með ýmsum viðburðum fyrir gesti. „Já, við setjum kaffivélina í fimmta gír, verðum með skemmtilegar uppákomur og DJ til að spila undir við bókavalið. Við vonum að sem flestir komi og upplifi skemmtilega stemningu hjá okkur. Við erum ekki bara opin, heldur líka með faðminn opinn.“ segir Óttarr að lokum.

Hægt er að fylgjast með viðburðum og fleiru hjá Bóksölu stúdenta á facebook síðunni www.facebook.com/boksalastudenta

UMHVERFISNEFND SELTJARNARNESS 2018–2022

Umhverfisnefnd Seltjarnarness kom saman á sinn fyrsta fund eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor, föstudaginn 29. júní sl. Á fundinum skipti nefndin með sér verkum, fór yfir erindisbréf, starfssvið, verkefnin framundan o.fl.

Umhverfisnefnd er þannig skipuð: **Hannes Tryggvi Hafstein**, formaður (D), **Guðrún Jónsdóttir**, varaformaður (D), **Hákon Jónsson**, ritari (D), **Dagbjört H. Kristinsdóttir** (N) og **Karen María Jónsdóttir** (S). **Gísli Hermannsson**, sviðsstjóri umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar, situr fundi nefndarinnar og ber ábyrgð á að ákvörðunum og samþykktum nefndarinnar sé fylgt eftir. Áheyrnarfulltrúi Ungmennaráðs Seltjarnarness er **Oliver Allen**.

Umhverfisnefnd er falið víðtækt og ábyrgðamikið hlutverk á Seltjarnarnesi samkvæmt erindisbréfi en þar segir meðal annars um starfssvið nefndarinnar:

- að hafa umsjón og eftirlit með friðlýstum og vernduðum svæðum innan bæjarfélagsins.
- að stuðla að gróður- og náttúruvernd í sveitarfélaginu og fræðslu um náttúrufar þess.
- að vinna að mótun stefnu um sjálfbæra þróun í umhverfismálum.
- að huga að fornleifarannsóknum og vernd gamalla húsa og minja í sveitarfélaginu.
- að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástand strandlengju bæjarins og öðrum breytingum á náttúrufari Seltjarnarness.
- að fjalla um skipulag opinna svæða og lóða sveitarfélagsins í samráði við skipulags- og umferðarnefnd.
- að veita aðhald varðandi snyrtilegan frágang mannvirkja og opinna svæða á Seltjarnarnesi, góða umgengni um bæjarlandið og alhliða fegrun bæjarins.
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í málefnum sem varða umhverfismál, skipulagsmál og náttúruvernd eftir þörfum.
- Umhverfisnefnd skal árlega gera tillögu um hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis. Veita skal viðurkenningar fyrir lóð íbúðarhúsnæðis, fyrir lóð atvinnuhúsnæðis og fyrir frágang reita, s.s. einstakra gatna og umhverfis þeirra og opinna svæða.
- að vera tengiliður við Umhverfisstofnun.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness færði til bókar á þessum fyrsta fundi sínum þakkir til fráfarandi nefndar sem skipuð var þeim Margréti Pálsdóttur, Elínu Helgu Guðmundsdóttur, Guðmundi Jóni Helgasyni, Margréti Lind Ólafsdóttur, Ragnhildi Ingólfsdóttur og Stefáni Bergmann fyrir góð og óeigingjörn störf í þágu Seltirninga sl. fjögur ár.

Hannes Tryggvi Hafstein
Formaður umhverfisnefndar

Hannes

Guðrún

Hákon

Dagbjört

Karen

GRÓTTUSÍÐAN

www.grottasport.is

Grótta með tíu lið á Símamótinu

Grótta tefldi fram tíu liðum í þremur flokkum á stærsta knattspyrnumóti landsins, Símamótinu í Kópavogi. Gangur liðanna var misjafn en allar stelpurnar voru félaginu til sóma og það sást hvað þær höfðu gaman af því að spila fótbolta.

5. flokkur var með tvö lið á mótinu, en lið 1 endaði í 4. sæti og lið 2 í 5. sæti í riðlunum sínum eftir hörkuleiki. Stelpurnar hafa sýnt miklar framfarir frá því í vetur og það var virkilega gaman að fylgjast með því.

6. flokkur var með fimm lið á mótinu og þau komust öll í úrslit. Lið 3 og 5 fengu gullverðlaunin og bikar, en lið 1, 2 og 4 þurftu að sætta sig við silfrið eftir spennandi úrslitaleiki. Maður lærir ýmislegt á því að spila undir pressu og einnig á því að tapa svo það fóru allir með eitthvað heim í reynslubankanum. Frábær árangur samt sem áður, enda hefur flokkurinn æft vel í allan vetur. 6. flokkur kvenna er fjölmennasti flokkurinn af þeim sem fóru á mótið en það eru 34 stelpur skráðar í flokkinn, sem er metfjöldi í 6. flokki kvenna í Gróttu.

7. flokkur var með þrjú lið á mótinu, en þriðja liðið var skipað stelpum úr 8. flokki. Stelpurnar áttu erfitt uppdráttar í fyrstu, en sýndu svo hvað þeim bar og uppskáru nokkra sigurleiki. Leikgleðin var ríkjandi meðal stelpnanna og var gaman að sjá hvað þær virtust njóta sín, brosa og gleðjast yfir því að spila fótbolta. Margar af stelpunum voru að fara á sitt fyrsta stórmót og eru eflaust farnar að telja niður í það næsta.

Orri Steinn skoraði sjö mörk

Orri Steinn skoraði sjö mörk í tveimur leikjum með U15 landsliðinu.

Orri Steinn Óskarsson, leikmaður 3. flokks karla, var í byrjunarliði U15 ára landsliðs Íslands sem mætti Peking í æfingarleik þann 11. ágúst.

Ísland vann góðan 13-0 sigur á Peking, en leikið var á Garðsvelli. Orri Steinn gerði sér lítið fyrir og skoraði 6 mörk og var markahæstur í leiknum.

Landsliðið lék síðan við Hong Kong á Njarðtaksvelli þann 13. ágúst, en þá kom Orri Steinn inn á í hálfleik og skoraði 3 mínútum síðar. Leikurinn endaði 7-0 fyrir Íslandi. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Orra Steini innilega til hamingju með árangurinn.

Orri Steinn Óskarsson.

Nældu sér í 18 stig í 8 leikjum á Austurlandi

Meistaraflokkur kvenna vann báða sína leiki á Austurlandi.

Það var nóg að gera hjá Gróttu á Austurlandi helgina 10.-12. ágúst sl. en 5 flokkar áttu þar leiki.

2. flokkur karla reið á vaðið á föstudaginn og sigraði Austurland 0-4 og lék aftur gegn þeim á sunnudag og sigraði þá á ný, 0-5.

3. flokkur karla keppti gegn Hetti/Huginn/Sindra á laugardagskvöldið, en heimamenn höfðu betur og fór leikurinn 2-1. Strákarnir létu það ekki á sig fá og unnu Fjarðabyggð/Leikni/Einherja 4-3 á sunnudeginum.

3. flokkur kvenna lék gegn Austurlandi á sunnudeginum og nældu sér í 3 stig með öruggum 0-4 sigri.

Meistaraflokkarnir áttu einnig leiki fyrir Austan um helgina, en flokkarnir léku samtímis á laugardeginum. **Meistaraflokkur karla** lék við Leikni F. í Fjarðarbyggðarhöllinni. Gróttumenn komust yfir þegar Óliver Dagur skoraði úr víti á 70. mínútu, en heimamönnum tókst að skora tvö mörk í uppbótatíma og niðurstaðan 2-1 tap.

Meistaraflokkur kvenna keppti við Fjarðarbyggð/Hött/Leikni á laugardeginum og sigraði 1-3, en Tinna og Taciana (2) skoruðu mörkin fyrir Gróttu. Eftir leikinn var haldið í sund og svo keyrt til Vopnafjarðar þar sem næstu átök biðu liðsins. Þar mættu stelpurnar Einherja á sunnudeginum í hörkuleik sem endaði 2-4 fyrir Gróttu. Mörk Gróttu skoruðu Tinna, Taciana (2) og Hrafnhildur.

Gróttufólk getur því verið stolt af flokkunum eftir helgina.

Hákon Rafn Valdimarsson valinn í U18 landsliðið

Hákon Rafn Valdimarsson, hinn ungi og efnilegi markmaður, var valinn í landsliðshóp U18 sem mætti Lettlandi í vináttulandsleikjum 19. og 21. júlí.

Hákon var í byrjunarliði Íslands í fyrri leiknum og hélt hreinu, en Ísland vann 0-2. Hákon er á 17 aldursári og æfir með meistaraflokki karla, ásamt því að keppa með 2. flokki og meistaraflokki. Hákon var valinn í hópinn eftir að hafa æft í úrtakshópi U18 landsliðsins undir stjórn Þorvalds Örlygssonar þann 6. og 7. júlí. Knattspyrnudeild Gróttu er afar hreykinn af árangri Hákons og hlakkar til að fylgjast með honum í náinni framtíð.

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins

- bætist við Dansgarðinn

Dansgarðurinn er Regnhlífarverkefni sem er með það markmið að gera dans aðgengilegri fyrir alla auk þess að bjóða upp á faglega menntun í klassískum ballet, nútímadansi, samtímadansi, skapandi dansi og fræðslu. En eftir að Hrafnhildur Einarsdóttir tók við sem skólastjóri Klassíska listdansskólann síðastliðinn vetur ákvað hún ásamt samstarfsfólki sínu að byggja upp Dansgarðinn í kringum skólann.

Undir Dansgarðinum starfar Klassíski listdansskólinn sem býður upp á nám í klassískum ballett og nútíma/samtímadansi fyrir nemendur frá 3 ára aldri, þar er einnig boðið upp á 3 ára framhaldsbraut sem er viðurkennd af menntamálaráðuneytinu, FWD Youth Company sem er ungdanshópur ætlaður ungum dönsurum sem hafa lokið framhaldsbraut og langar að þróa sig enn frekar sem dansara, Dans fyrir alla; þar sem leiðbeinendur frá Dansgarðinum hafa boðið upp á skapandi dans í leiksskólum, frístundaheimilum, grunnskólabörn og kennarar þeirra hafa komið í heimsókn til okkar í Dansgarðinn í dansfræðsludag og einnig höfum við verið með vinnusmiðjur með hælisleitendum. Og nú var að bætast við ný planta í garðinn okkar; Ballettskóli Guðbjargar Björgvins. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins og Klassíski listdansskólinn munu í vetur einnig bjóða upp á sérstaka strákatíma og Undirbúningsnám fyrir framhaldsbraut þar sem ungu fólki býðst að koma í mjög krefjandi dansnám jafnvel þó svo þeir séu byrjendur eða hafi byrjað seint að dansa.

Höfum áhuga á að tengja skólana meira saman

Guðbjörg Björgvins stofnaði Ballettskóla Guðbjargar Björgvins árið 1982. Okkur í Dansgarðinum bauðst að bæta við Ballettskóla Guðbjargar í garðinn okkar, og erum við mjög spennt fyrir þeirri viðbót. Fyrst um sinn mun skólinn starfa með sama sniði og hann hefur gert síðustu árin, en hægt og rólega höfum við í huga að tengja skólana meira saman og vinna einnig fleiri aukaverkefni innan skólans líkt og við höfum verið að gera með Klassíska listdansskólann síðastliðið ár. Guðbjörg Björgvins mun auðvitað fylgja þessu barni sínu eftir og gefa okkur góð ráð. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins býður upp á dansnám fyrir nemendur frá 3 ára aldri, en þar er einnig boðið upp balletttíma fyrir fullorðna, sem hentar öllum. Ballettskóli Guðbjargar Björgvins heldur starfsemi sinni áfram á Eiðistorgi.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999

S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Ragna Kristín Guðbrandsdóttir en hún er afbragðsnámsmaður og kláraði stúdentspróf 17 ára gömul frá MH í vor með ágætiseinkunn.
Eftir prófin undirbjó hún sig fyrir inntökuprófið í læknisfræði sem hún tók í júní og náði því með glans og varð í 16. sæti og mun því verða yngst allra þeirra sem hafa hafið nám í læknisfræði við HÍ en hún verður 18 ára í nóvember.
Samhliða þessu hefur hún verið að ná góðum árangri í þeim tveimur íþróttum sem hún stundar sem eru kraftlyftingar og golf.

Fullt nafn? Ragna Kristín Guðbrandsdóttir.
Fæðingard. og ár? 13. nóvember 2000.
Starf? Leiðbeinandi á golfnámskeiðum Nesklúbbsins og starfsmaður í veitingasölu klúbbsins á sumrin en nemi á veturna.
Farartæki? Blár Audi A3.
Helstu kostir? Samviskusöm og skipulögð.
Eftirlætis matur? Mexíkósúpan sem mamma gerir.
Eftirlætis tónlist? Allt með Ed Sheeran og Abba en Rammstein er uppáhalds í ræktinni.
Eftirlætis íþróttamaður? Fanney Hauksdóttir kraftlyftingakona og Jordan Spieth kylfingur.
Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Grey's anatomy og Stranger things.
Besta bók sem þú hefur lesið? Harry Potter og blendingsprinsinn.
Uppáhalds leikari? Emma Watson sem leikur Hermione Granger í Harry Potter.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Get ekki gert upp á milli Mamma Mia og Lord of the rings myndanna.
Hvað gerir þú í frístundum þínum? Spila golf í góðum félagsskap og ferðast bæði innanlands og utanlands.
Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Jasper þjóðgarðurinn í kanadísku klettafjöllunum.
Hvað metur þú mest í fari annarra? Hreinskilni, góðmennsku og kurteisi.
Hvern vildir þú helst hitta? Tiger Woods, sigursælasta kylfing allra tíma.
Uppáhalds vefsíða? Golf.is og youtube.com
Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Skærbleika íþróttatösku.
Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Ég myndi bjóða fjölskyldunni til útlanda og kaupa fleiri hnébeygjurekka í World Class hér á nesinu, svo myndi ég leggja restina inn á banka.
Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi byggja stærra og nýtískulegra klúbbhús út á golfvelli og helst stækka völlinn líka, þó það væri ekki um nema 3 holur.
Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Að verða góður læknir og njóta lífsins.
Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Ég fór í inntökuprófið í læknisfræði í byrjun sumars og hélt svo daginn eftir út til Calgary í Kanada til að keppa á heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum og eftir það ferðuðumst við um kanadísku klettafjöllin. Svo kenndi ég börnum á golfnámskeiðum Nesklúbbsins og fór til Parísar.

Systrasamlagið
www.systrasamlagid.is

1X2
GETRAUNANÚMER GRÓTTU ER 170

Kjötkompaní
GRILLUM
&
NJÓTUM
Grandagarði 29 • 101 Reykjavík
Dalshrauni 13 • Hafnarfirði
www.kjotkompani.is
578 9700
kjotkompani@kjotkompani.is
kjotkompani